

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2004

Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Texti og umsjón með ársskýrslu: Bjarni Guðmundsson

Samantekt taflna og umsjón með ársreikningum: Jón G. Guðbjörnsson

Forsíða: *Bygg á hundadögum*

Ljósmyndari: Björn Þorsteinsson

Prentun: Prentverk Akraness hf 2005

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðni aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum“. Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála, nú iðnaðarráðherra. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast. Stjórn Framleiðnisjóðs annast einnig málefni Garðávaxtasjóðs samkvæmt sérstakri reglugerð er um hann gildir.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru einkum tvenns konar: Annars vegar starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Hins vegar eru það eftirstöðvar tekna fóðursjóðs, sem er andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum í það, eftir greiðslur samkvæmt ákvæðum 31. og 33. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Skulu eftirstöðvarnar renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, er „skal, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, ráðstafa umræddu fé sem lánum eða framlögum til eflingar nýjum viðfangsefnum í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparháttanna á lögbýlum“. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. Stjórn og starfsmenn

Í aðalstjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sátu til 7. nóv. 2004 að skipunartímabili stjórnarmanna lauk:

Bjarni Guðmundsson, Hvanneyri, formaður, tilnefndur af landb.ráðherra
Benjamín Baldursson, Ytri-Tjörnum, Eyj., tilnefndur af landb.ráðherra
Ari Teitsson, Hrísum, S.-Þing., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Þórhalla Snæþórsdóttir, Keflavík, Gullbr., tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn voru taldir í sömu röð:

Sveinn Sigurmundsson, Selfossi, Árn.
Lilja Hafdís Óladóttir, Merki, N.-Múl.
Hörður Harðarson, Laxárdal, Árn.
Sigríður Bragadóttir, Síreksstöðum, N.-Múl. og
Halldóra Jónsdóttir, Grímshúsum, S.-Þing.

Í árslok 2004 hafði sjóðnum ekki verið skipuð ný stjórn. Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Fulltrúi á skrifstofu er Sif Ólafsdóttir í 75 % starfi. Þá annast stjórnarformaður einnig verkefni vegna framkvæmdastjórnar. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í stofnanabyggingu Borgarfjarðarsveitar á Hvanneyri. Ríkisendurskoðun endurskoðaði ársreikning sjóðsins 2004 svo og ársreikning Garðávaxtasjóðs.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2004

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt 12 formlega fundi á árinu 2004. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Dala-, Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslur í ágúst, og heimsóttu marga aðila sem átt hafa eða eiga samskipti við sjóðinn. Auk þess fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sérstakar ferðir, m.a. um Suður-Dali, Strandasýslu svo og Árnes- og Rangárvallasýslur til þess að ræða við einstaklinga og forráðamenn fyrirtækja sem ýmist höfðu sótt um eða þegar fengið framlög til atvinnuuppbyggingar og þróunarverkefna. Gáfust um leið tækifæri til að líta á framkvæmdir og meta aðstæður. Ótaldir eru þá fjölmargir fundir með einstaklingum og fulltrúum stofnana og samtaka sem óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) er að finna upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2003 eru á heimasíðu hans. Þær voru einnig gefnar út prentaðar en í mjög takmörkuðu upplagi.



Frá Breiðuvík þar sem rekinn er ferðabúskapur; nýreist gistihús Breiðuvíkurbænda sést t.v. á myndinni. (Ljós.: Jón G. Guðbjörnsson)

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2004

Stjórn Framleiðnisjóðs setti sér í upphafi ársins 2004 starfsreglur fyrir árið og þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglurnar mótuðu meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með styrkjum og lánum verkefni til nýsköpunar og framleiðniaukningar í landbúnaði og við aðra eflingu atvinnu í dreifbýli, sbr. lög nr. 89/1966.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður leggur á árinu 2004 áherslu á viðfangsefni sem hafi þessi markmið:

- a. að auka framleiðni búgreina með rannsókn- og þróunarverkefnum*
- b. að styrkja tekjumöguleika á einstökum búum með nýsköpun í búrekstri*
- c. að efla kunnáttu og færni í búrekstri*
- d. að efla og styrkja markaði fyrir búvörur og þjónustu búanna*
- e. að styðja hagræðingu í úrvinnslu búsafurða og efla atvinnufyrirtæki í dreifbýli.*

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2004

Á árinu 2004 voru tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 235,0 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 160,0 mkr., auk 25,0 mkr. til sérstaks markaðsverkefnis, sjá lið 7d í þessari skýrslu. Fjármunatekjur námu 11,0 mkr. Eftirstöðvar fódursjóðs, er til Framleiðnisjóðs runnu, námu 50,0 mkr. Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóði og samningsbundnar greiðslur námu 205,2 mkr. Á árinu 2004 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs, að teknu tilliti til hlutdeildar umsjárverkefna (sbr. rekstrarreikning), alls 17,8 mkr. samanborið við 17,5 mkr. árið 2003. Sjóðurinn er gerður upp með 23,0 mkr. afgangi samanborið við 2,8 mkr. tekjuafgang árið á undan.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2004 námu 202,0 mkr.; þar af voru 158,0 mkr. innstæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) sem nema ámóta upphæð. Útlán eru 22,0 mkr. að frádregnum afskriftasjóði. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 41,9 mkr. í árslok 2004.

Um fjárhag Framleiðnisjóðsins er að öðru leyti vísað til ársreiknings sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni samkvæmt hætti er upp var tekinn fyrir árið 2002.

6. Umsóknir og erindi 2004

Á árinu 2004 tók fráfarandi stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 173 erindi er borist höfðu en fleiri erindi bárust á árinu að útrunnum starfstíma stjórnar. Af erindunum voru 39 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum, en 134 töldust til almennra umsókna um nýbreytni á sviði landbúnaðar og erindi sem ekki voru umsóknir um fjárstuðning.

Á árinu 2004 afgreiddi stjórn Framleiðnisjóðs 131 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, nokkru færri en árið á undan (149). Af þeim voru 32 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 99 almenn verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Hafnað var eða vísað frá 8 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 31 erindi hafnað eða vísað frá. Nokkur erindi fólu ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Óvenju mörg erindi úr báðum flokkum biðu afgreiðslu við árslok af ástæðu sem þegar er getið.



*Guðjón bóndi Bjarnason í Hænuvík les stjórn og framkvæmdastjóra Framleiðnisjóðs pistilinn undir vegg vörugeymsluhúss Sláturfélagsins Örlygs frá 1930 sem hann hefur breytt í ferða-
þjónustuhús. (Ljós m.: Sigurður Jarlsson)*

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2004. Fylgt er efnisatriðaröð starfsstefnu sjóðsins, sjá 4. lið hér að framan. Skrár um einstaka styrki, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 3.-5. töflu hér á eftir. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Þróunarverkefni búgreina. Stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafaði fjármunum til hagræðingarverkefna í einstökum búgreinum eftir nánari skiptingu á milli þeirra. Sem fyrr skyldu samtök búgreinanna gera tillögur um ráðstöfun fjárins og/eða gefa umsagnir um umsóknir í þetta fé. Á árinu 2004 voru 50 millj. kr. áætlaðar til þessara verkefna. Tvennt réði skiptingu fjárins á milli búgreina: hlutur þeirra í verðmæti búvöruframleiðslunnar annars vegar, þ.e. grundvöllur búnaðargjalds (32%), og áætlaður hlutur búgreinanna í greiðslu tolla af innfluttu kjarnfóðri hins vegar (50%). Þá var gert ráð fyrir 1,0 mkr. grunnframlagi til hvernar búgreinar (18%). Nær 28 mkr. af 50 mkr. nýttust til umræddra verkefna. Flest voru það kynbóta- og rannsóknaverkefni í þágu viðkomandi búgreina, þar sem sjóðsstjórn byggði afgreiðslu sína á umsögnum fagráða/stjórna búgreinanna.

Önnur rannsókn- og þróunarverkefni hefur Framleiðnisjóður einnig styrkt í töluverðum mæli. Spurn eftir fjárstuðningi til þeirra hefur vaxið síðustu árin. Stærstu verkefnið í þessum flokki á árinu 2004 hvað fjárupphæðir snerti voru vegna sumarexems hrossa og fódurræktarrannsókna RALA. Fyrri verkefnið er framhald þriggja ára verkefnis, sem Framleiðnisjóður hafði samtals styrkt með 30 mkr. Stjórn Framleiðnisjóðs hafði fengið aðstoð Rannsóknamiðstöðvar Íslands til þess að meta framvindu verkefnisins. Reyndist hún vera viðunandi og gefa fullt tilefni til framhalds. Niðurstaða matsins var einnig kynnt fulltrúum hrossabænda og fleiri hagsmunaaðilum. Aðilar voru á einu máli um nauðsyn framhaldsrannsókna á hinu erfiða viðfangsefni. Önnur rannsókn- og þróunarverkefni, öll smærri, voru af mjög fjölbreyttum toga, svo sem nánar má lesa um í 3. töflu hér á eftir, svo og í 16. lið skýringa með ársreikningi.

Samfjármögnun verkefna með Rannsóknamiðstöð Íslands. Framhald var á samstarfi Framleiðnisjóðs og Rannsóknamiðstöðvar Íslands (áður Tækni sjóðs Rannís) um fjármögnun rannsókn- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar sem staðið hefur allt frá árinu 1992. Til samstarfsins samþykkti Framleiðnisjóður samtals 17,4 mkr. á árinu 2004, á móti 22,45 mkr. frá Rannís. Verkefni voru alls tíu. Skrá um þau er í 5. töflu.

Kynning niðurstaðna rannsókna- og þróunarverkefna. Ánægjulegt er hve niðurstöður margra rannsókna- og þróunarverkefna, sem Framleiðnisjóður hefur veitt styrki til, hafa verið kynntar á árlegum Ráðunautafundum, sem frá og með árinu 2004 kallast Fræðaping landbúnaðarins. Það stuðlar að góðri nýtingu fjármunanna.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2004 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 1750 þús. kr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1250 þús. kr., voru þó veitt vegna framkvæmda sem talin voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 42 mkr. sem er minna en árið á undan. Raunar er um enn fleiri verkefni á vegum bænda að ræða, eins og sjá má í 3. töflu (B2); verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun. Nefna má að Félagi skógarbænda á Norðurlandi var veittur styrkur til kaupa á hlutafé í Gróðrarstöðinni Kjarna ehf, og Samtökum hrossabænda í A.-Hún. til hlutafjárkaupa í reiðhöllu á Blönduósi. Krafist var mótframlaga styrkþega.



Hjólábatur ferðaþjónustubændanna í Vatnsskarðshólum. (Ljós.: Jón G. Guðbjörnsson)

Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2004

Landshluti	Ferða- búskapur	Búfj. og jarðrækt	Iðn- aður	Þjón- usta	Ýmis- legt	Alls
Vesturland	3	-	-	-	-	3
Vestfirðir	3	-	-	1	-	4
Norðurland v.	1	1	-	-	1	3
Norðurland ey.	2	-	2	-	-	4
Austurland	2	1	-	2	-	5
Suðurland	7	2	1	3	-	13
Reykjanes	-	-	-	-	-	-
SAMTALS	18	4	3	6	1	32

Ferðabúskapur er sem fyrr sú grein sem mest fór fyrir í umsóknum til atvinnusköpunar á bændabýlum. Meira en helmingur samþykktra verkefna í þessum flokki taldist til ferðaþjónustu í sveitum, en 45% sé miðað við upphæðir samþykktra framlaga. Áformin í greininni eru fremur einhæf: Flest vörðuðu þau gisti- og veitingaaðstöðu.

Smáverkefnasjóður er hluti samstarfsverkefnis Bændasamtaka Íslands, Framleiðnisjóðs og landbúnaðarráðuneytisins. Hlutverk Smáverkefnasjóðs hefur einkum verið að styðja handverk og önnur umfangsminni framleiðslu- og þjónustuverkefni, samhliða búrekstri eða annarri atvinnu sem tengist landbúnaði. Úthlutun fjár úr sjóðnum annaðist nefnd sem í sátu Jóhanna Pálmadóttir á Akri, formaður, Jón G. Guðbjörnsson á Lindarhvoli og Jónas Helgason í Æðey. Framleiðnisjóður hefur um árabil lagt verkefninu til starfsfé og á árinu 2004 var heitið 5,0 mkr. til þess. Á því ári bárust Smáverkefnasjóði 32 umsóknir. Af þeim voru 8 afgreiddar með fyrirheiti um styrk, samtals að upphæð 1,040 mkr.; 7 umsóknum var hafnað, en 14 voru óafgreiddar í árslok. Styrkfyrirheitið skiptust þannig eftir landshlutum - tölur í svigum eru fjöldi samþykktra umsókna Smáverkefnasjóðs á öllum starfstíma hans (1991-2004):

2. tafla. Skipting samþykktra framlaga úr Smáverkefnasjóði árið 2004

Landshluti	2004	(alls)
Vesturland	1	(70)
Vestfirðir	-	(46)
Norðurland v.	2	(47)
Norðurland ey.	3	(97)
Austurland	1	(61)
Suðurland	-	(116)
Reykjanes m. Rvík	1	(23)
SAMTALS	8	(460)

Árni Jósteynsson verkefnisstjóri *Sóknarfæra til sveita* hjá BÍ annaðist einnig umsjá Smáverkefnasjóðs. Á árinu 2004 lagði Framleiðnisjóður fram fjármuni á móti Bændasamtökunum til að greiða vinnu hans að verkefninu, sem standa mun í tvö ár.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður landbúnaðarins studdi sem fyrr endurmenntun bænda og starfsmanna landbúnaðarstofnana með ferðastyrkjum til þátttakenda og greiðslu nokkurs hluta kostnaðar við hin ýmsu námskeið, m.a. á grundvelli samnings sjóðsins við búnaðarskólana og Bændasamtök Íslands. Nam samþykktur stuðningur samtals 15,9 mkr.

Framleiðnisjóður veitti 737 þátttakendum á 61 námskeiði stuðning á árinu 2004. Á vegum Hólaskóla voru haldin 9 námskeið með 49 styrkhæfum þátttakendum, 15 á Garðyrkjuskólanum á Reykjum með 311 þátttakendum en 30 á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri með 282 þátttakendum. Á vegum Bændasamtakanna voru haldin 7 námskeið með 95 styrkhæfum þátttakendum. Þessi upptalning tekur einvörðungu til þeirra námskeiða sem falla undir fyrrgreindan samning FL, BÍ og skólanna. Þá hefur Framleiðnisjóður lagt fé til verkefnisins *Upplýsingatækni í dreifbýli* sem einnig annast endurmenntun á tölvu- og upplýsingatækni við.

Á árinu 2004 voru samþykktir námsstyrkir til fimm nemenda í MS- og PhD-námi í búvísindum við erlenda háskóla. Þá voru veittir fjórir styrkir til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar (a.m.k. 15 námsvikur), og fjórir starfsmenn landbúnaðarins hlutu ferða- og endurmenntunarstyrki. Loks hlaut Hagsmunafélag héraðsráðunauta styrk vegna kynnisferðar félaga sinna til Írlands er farin var í september 2004.

d) Markaðsöflun

Á árinu 2004 samþykkti Framleiðnisjóður framlög til markaðsverkefna að upphæð nær 12 mkr. Er það minna en undanfarin ár og í samræmi við breytta eftirspurn. Hafa þarf í huga að skv. gildandi búnaðarlagasamningi á grundvelli laga nr. 70/1998 er gert ráð fyrir 25 mkr. á ári til markaðsverkefnis „vegna sölu og kynningar á íslenskum landbúnaðar-*afurðum erlendis.*” Verkefnið (Áform) lýtur sérstakri stjórn og er Bjarni Guðmundsson tilnefndur fulltrúi stjórnar Framleiðnisjóðs í henni.

Hvað framlög Framleiðnisjóðs til markaðsöflunar snertir vóg þyngst þátttaka sjóðsins í verkefninu *Handverk og hönnun*, en fulltrúi sjóðsins í verkefnisstjórn var Árni Snæbjörnsson, ráðunautur BÍ. Verkefnið lýtur ábyrgð forsætisráðuneytisins. Af öðrum stærri verkefnum má nefna að Framleiðnisjóður lagði Bændasamtökum Íslands lið vegna sveitaheimsókna skólabarna, markaðsstarfi Íshesta ehf og verkefnum *Food and Fun*, og *Iceland Naturally*; því síðartalda fyrir hönd Bændasamtakanna.

e) Stuðningur við annan atvinnurekstur

Á árinu 2004 lagði Framleiðnisjóður fé til annars atvinnureksturs á landsbyggðinni en getið er í b-lið, alls 14,3 mkr. Ríflega helmingur upphæðarinnar var hlutafjárkaupstyrkur til Búnaðarsambands Austur-Húnavetninga í Ámundakinn ehf, félagi heimamanna, er tók að sér að reisa hús yfir Ullarþvottastöð Ístex hf á Blönduósi. Þá voru Kaupfélagi Skagfirðinga og starfsmanni þess veitt framlög til umbóta og þjálfunar í sauðfjárslátrun.

f) Garðávaxtasjóður

Hlutverk Garðávaxtasjóðs, sem er í vörslu Framleiðnisjóðs, er að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði, sbr. reglugerð nr. 180/1992. Stjórn Framleiðnisjóðs annast úthlutun fjár úr sjóðnum. Eignir Garðávaxtasjóðs í árslok 2004 voru 51,5 mkr. Úthlutun úr sjóðnum nam 2,5 mkr. til fastaverkefnis RALA og Útsæðisnefndar sem varðar viðhald heilbrigðra kartöflustofna. Þar sem fjárþörf verkefnisins var meiri en nam árstekjum Garðávaxtasjóðs (vöxtum af höfuðstól) var mismuninum mætt með framlagi úr Framleiðnisjóði. Um fjárhag Garðávaxtasjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari ársskýrslu.



Kennslu- og rannsóknafjosið á Hvanneyri sem tekið var í notkun síðsumars 2004.

(@Rafteikning hf. Ljósm.: Rafn Sig.)

8. Nýsköpun í sveitum – fjármagn og árangur

Samkvæmt 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 veitir ríkissjóður fé til margvíslegra þjónustu- og umbótaverkefna í landbúnaði, meðal annars til Framleiðnisjóðs, á grundvelli samnings landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtaka Íslands. Núgildandi samningur, frá 6. mars 2002, gildir út árið 2007. Samkvæmt honum er árlegt framlag ríkis til Framleiðnisjóðs um 160 mkr. Til viðbótar þeim koma árlegar eftirstöðvar fódursjóðs skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra og numið hafa 40-50 mkr. Landbúnaðurinn hefur því þessi árin röskað 200 mkr. til nýsköpunar af ýmsu tagi, er miða skal að því að efla atvinnu og byggð í sveitum. Þetta eru miklir fjármunir sem brýnt er að nýtist vel.

Sé litið yfir starfstíma fráfarandi stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins (2001-2004) eru margvísleg rannsókn- og þróunarverkefni hvað umfangsmesti verkefnabálkurinn sem notið hefur stuðnings sjóðsins. Vandasamt er að meta árangur verkefnanna auk þess sem hann skilar sér gjarnan á óráðum tíma. Hins vegar er það einkenni árangursins að fleiri en færri njóta hans í hagfelldari verkum – bættri framleiðni vinnu, fjármagns, aðfanga og umhverfis.

Hvað snertir eiginlega nýsköpun í landbúnaði, mælda í vörum, þjónustu og ársverkum þar að baki, einkennist hún af nokkurri einhæfni. Um og yfir helming nýsköpunarverkefna í sveitum, sem Framleiðnisjóður hefur stutt síðustu fjögur árin, má fella undir ferðaþjónustu. Þótt mest fari þar fyrir mætingu frumþarfa gestanna – gistingu og fæði – gætir þar einnig nýbreytni í afþreyingu, sem aukin spurn virðist vera eftir.

Leggja verður aukna áherslu á nýhugsun og skipuleg hugmyndaleit, því raunar er það svo að fremur skortir fýsilegar hugmyndir en fjármuni. Með það í huga meðal annars ákvað stjórn Framleiðnisjóðs á árinu 2004 að gerast stofnaðili að Frumkvöðlafræðslunni ses. Sjóðurinn á einnig hlut að verkefninu „*Sóknarfæri til sveita*”; tímamörkuðu verkefni með Bændasamtökum Íslands til eflingar atvinnu í sveitum.

Mikilvægt er að umsamið fjármagn ríkissjóðs og bænda, sem Framleiðnisjóði er falið til forsjár, nýtist vel. Það er mat fráfarandi stjórnar sjóðsins að fé sjóðsins hafi skilað landbúnaðinum mörgu nytsamlegu og að meira sé í vændum. Áfram þarf hins vegar að leggja vaxandi vinnu í hugmyndaleit, hugmyndamat og –framkvæmd á því fjölbreytta sviði sem landbúnaður nútímans getur spannað.

Stjórn og starfsmenn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, er í hlut eiga, gagn- og ánægjuleg samskipti á árinu 2004.

3. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra hagræðingarverkefna á árinu 2004. Framlöggin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	FI	Verkefni	Upphæð
Þróunarverkefni búgreina:			
Samband ísl. loðdýraræktenda	A1	Innflutningur minkahögna frá Danmörku	1.400.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	G	Heilbrigði og verndun kartöflustofnuáæðis	780.000
Garðyrkjufélag Íslands	A1	Endurskoðun Matjurtarbókarinnar	200.000
Garðyrkjuskóli ríkisins	A1	Gagnagrunnur um trjágróður	1.000.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Andoxunarvirgni í grænmeti og berjum	1.750.000
Landssamband hestamanna	A1	Kortlagning reiðleiða	500.000
Stóra Ármót ehf.	A1	Kaup á búnaði til tilrauna með heilfóðrun	1.000.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A1	Stækkun kennslu- og tilraunafjóss	2.800.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A1	Frjálsar fitusýrur og beiskja mjólkur	700.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Raförvun til að auka meyrni nautakjöts	2.115.000
Landssamtök sauðfjárbænda	A1	Afkvæmarannsóknir hrúta	2.000.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Úttekt á kindakjötsmati	1.250.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A1	Prófun á veltirafgirðingum	780.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A1	Rannsókn á prionarferð m.t.t. riðusmits	1.100.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1	Innfl. erfðaefnis og kynbætur svína	<u>10.500.000</u>
			27.875.000
Önnur þróunarverkefni:			
Vinnueftirlit ríkisins	A2	Heilsufarsrannsókn á bændum	1.000.000
Yfirdýralæknisembættið	A2	Æfing í viðbrögðum við smitsjúkdómum	500.000
Skógrækt ríkisins, rannsóknastöð	A2	Kynbætur á Alaskaösp	650.000
Félag skógarbænda á Vesturlandi	A2	Ráðstefna um skógarþekju og vatnalíf	100.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Athugun á útbreiðslu kálæxlaveiki	330.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A2	Gæðaeftirlit með votfóðri fyrir loðdýr	2.400.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Ræktunarkerfi við fjölbreyttar aðstæður	9.000.000
Iðntæknistofnun Íslands	A2	Íslenskt fæði í ferðaþjónustu	175.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A2	Rafraen mælitæki við mat á svínakjöti	600.000
Dýralæknafélag Íslands	A2	Ráðstefna um sjúkdóma í ísl. hestum	100.000
Hólaskóli	A2	<i>Matarkistan Skagafjörður</i> - verkefni	100.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A2	Framleiðsla á vorungum af birki og lerki	1.000.000
Landssamband veiðifélaga	A2	Úttekt á stöðu og nýtingu laxastofna	1.200.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Sumarexem í íslenskum hestum (frh.)	10.000.000
Laxfiskar ehf	A2	Umbætur í veiðinýtingu bleikju	800.000
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	C	Ráðstefna um hreinlæti í mjólkuriðnaði	100.000
Aðfangaeftirlitið	A2	Díoxín og díoxínlík PCB-efni í fóðri	1.250.000
Yfirdýralæknisembættið	A2	Díoxín og díoxínlík PCB-efni í afurðum	1.250.000
Bændasamtök Íslands	A2	Ráðgjöf í loðdýrarækt	900.000
Bændasamtök Íslands	A2	Atvinnuráðgjöf og átaksverkefni	2.050.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A2	Hefðamatúr	500.000
Bændasamtök Íslands	A1	Arferð hrúta og riðusmitþol	750.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A2	Jarðrækt, afrennsli af ræktarlandi	1.500.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Heilfóðrun til hámarksafurða	1.500.000
Rannsóknast. Háskólans á Akureyri	C	Norræn ráðstefna um nýsköpunarstarf	250.000
Hólaskóli	C	Alþjóðleg ráðstefna um líffræði fiska	250.000
Nýsköpunarsjóður námsmanna	C	Nýsköpunarverkefni námsmanna	1.375.000
SagaMedica - Heilsujurtir ehf.	A2	Knosari - frumgerð	250.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Landnýting og losun hláturgass úr jarðvegi	500.000
Héraðsskógar	A2	Notkun grisjunarviðar til kyndingar.	1.500.000
Guðmundur Örn Jensson	A2	Beinakvörn, hönnun og smíði	200.000
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	A2	Eiginleikar mjólkur með tilliti til hollustu	<u>1.000.000</u>
			43.080.000

Samfjármögnun með Rannís:

Rannsóknasjóður RANNÍS	A3	Samfjármögnun, sjá 5. töflu	12.650.000
Bændasamtök Ísl. og Tækniþróunarsjóður	A3	Ný tækni við byggkynbætur	<u>4.750.000</u>
			17.400.000

Verkefni á lögbýlum:

Nýsköpun og efling atvinnu	B1	Sjá 4. töflu	41.975.000
			41.975.000

Ýmis verkefni á vegum bænda:

Þórunn Hilmarsdóttir	B2	Aðstaða til vinnu með æðardún	332.000
Samtök hrossabænda í A-Hún.	E	Kaup á hlut í reiðhöll á Blönduósi	1.500.000
Félag skógarbænda á Norðurlandi	E	Kaup á hlutafé í Kjarna ehf	2.500.000
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	B2	<i>Smáverkefnasjóður</i> - verkefnafé	5.000.000
Veiðifélag Höfðavatns	B2	Endurheimt silungsveiðihlunninda	1.750.000
Gunnsteinn Gíslason	B2	Ferðaþjónusta í Norðurfirði	1.000.000
Ingólfur Guðnason	B2	Jurtagarður í Skálholti	100.000
Hafsteinn Helgason	B2	Mat forsendna fyrir rekstri fiðrildahús	400.000
Goðafossveitingar ehf	B2	Veitingasala, ferðaþjónusta	300.000
Goðafossmarkaðurinn hf	B2	Handverkssóluaðstaða, stækkun	1.500.000
Kjartan Halldórsson	B2	Álveiðar í samvinnu við bændur	1.800.000
Skinnastöðin ehf.	B2	Skinnaverkunarvél	1.750.000
Benedikt G. Líndal	B2	Kennslumyndband um tamningar	250.000
			18.182.000

Endurmenntun og námskeið:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins	C	Bændanámskeið búnaðarskólanna og BÍ	9.000.000
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	C	<i>Máttur kvenna</i> - verkefni	300.000
Búnaðarsamtök Vesturlands	C	<i>Konur gera kraftaverk</i> - verkefni	80.000
Fræðslunet Suðurlands	C	Áttahagafræðin og ferðaþjónustan	270.000
Hagsmunafélag héraðsráðunauta	C	Jarð- og búfjárræktarferð til Írlands	800.000
Jóhann Þórsson	C	Framhaldsnám í vistfræði	500.000
Runólfur Sigursveinsson	C	Endurmenntun, búvísindi, rekstrarfræði	250.000
Jóhannes Hr. Símonarson	C	Endurmenntun, búvísindi, rekstrarfræði	250.000
Jón Geir Pétursson	C	Framhaldsnám í skógfræði	500.000
Þórey Bjarnadóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Herdís Reynisdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Elsa Albertsdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Bára Borg Smáradóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Drífa Hrólfsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Magnús Sigurðsson	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Sigurbjörg Bjarnadóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Ingvar Björnsson	C	Ráðstefna í Brno, Tékk.	100.000
Áskell Þórisson	C	Námsleyfi í Danmörku	200.000
Lifandi landbúnaður	C	<i>Stórbaggar í stæðunni</i> – verkefni	600.000
Samband ísl. loðdýraræktenda	C	Flokkunarnámskeið	500.000
Frumkvöðlafræðslan ses	C	Frumkvöðlanámskeið í Dölum	458.000
			15.908.000

Markaðsmál:

Bændasamtök Íslands	D	Sveitaheimsóknir skólabarna	2.500.000
Reynir Ingibjartsson	D	Kort og leiðarlýsing	150.000
Beisik ehf	D	<i>Leikur að elda lambakjöt</i> , margm.diskur	100.000
Fræðsluráð Hótel- og matvælagr.	D	Vefkjötþók	1.200.000
Íshestar ehf	D	Markaðs- og þróunarstarf	2.500.000
Bændasamtök Íslands	D	<i>Iceland Naturally</i> - verkefni	990.000
ÁFORM	D	<i>Food and Fun</i> sælkeraveisla 2004	1.000.000
Forsætisráðuneytið	D	<i>Handverk og hönnun</i> - verkefni	3.400.000
			11.840.000

Annar atvinnurekstur:

Kaupfélag Skagfirðinga	E	Starfsþjálfun við sauðfjárslátrun	450.000
Kaupfélag Skagfirðinga	E	Úttekt á starfsemi Kjötaf.st. KS og ráðgjöf	450.000
Kaupf. Skagf. / Ólafur.Á. Andrésson	E	Kynnisferð til Nýja-Sjálands	250.000
Búsæld ehf	E	Hagkvæmniathugun bænda v. Norðlenska	700.000
Búnaðarsamband A-Hún.	E	Aðstaða fyrir ullarþvottastöð Ístex	8.000.000
Landssamtök sláturleyfishafa	E	Áhættugreining og þjálfun í sláturhúsum	1.000.000
Gellur & Kinnar ehf.	B2	Þorskhausþurrkun á Barðaströnd	1.500.000
Fuglasafn Sigurgeirs ehf.	B2	Fuglasafn í Mývatnssveit	2.000.000
			<hr/>
			14.350.000

Framlög, ráðstöfun alls kr. 190.610.000

Garðávaxtasjóður:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins	G	Heilbrigði kartöfluútsæðis	2.500.000
---------------------------------	---	----------------------------	------------------

4. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnu-
eflingar og þróunar á bújörðum 2004, sjá 7. kafla b hér að framan.
Upphæðir eru í krónum.

Nafn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Ragnheiður Jóhannesdóttir	Litla-Brekka	Mýr.	Ferðabjónusta	1.250.000
Þorgrímur E. Guðbjartsson	Erpsstaðir	Dal.	Ferðabjónusta, gístaðstaða	1.750.000
Sigurður Jökulsson	Vatn	Dal.	Ferðabjónusta	1.290.000
Nanna Áslaug Jónsdóttir	Efri Rauðsdalur	V-Barð.	Ferðabjónusta	1.750.000
Unnur M. Hreiðarsdóttir	Neðri Tunga	V-Barð.	Hestaleiga	700.000
Keran St. Ólason	Breiðavík	V-Barð.	Ferðabjónusta	1.550.000
Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir	Kollsá II	Strand.	Farfuglaheimili á Borðeyri	1.750.000
Magnús Ólafsson	Sveinsstaðir	A-Hún.	Tamningaaðstaða	1.750.000
Jón Eiríksson	Fagranes	Skag.	Smávirkjun	400.000
Magnús Andrésson	Miðsitja	Skag.	Hestatengd ferðabjónusta	1.750.000
Elín Margrét Stefánsdóttir	Fellshlíð	Eyj.	Farfuglaheimili	370.000
Stefán Tryggvason	Merki	S-Þing.	Ferðabjónusta	840.000
Stóruvellir ehf.	Stóru-Vellir	S-Þing.	Endurbýgging tölgarvinnslu	1.700.000
Friðrik Pétur Guðmundsson	Hvammur II-IV	N-Þing.	Smíði og viðgerðir á smábátum	1.000.000
Elís Másson	Hrísar	N-Múl.	Loðdýrarækt	700.000
Jónas Guðmundsson	Hrafnabjörg I	N-Múl.	Ferðabjónusta	1.750.000
Hjörtur H. Friðriksson	Skógarhlíð	N-Múl.	Aðstöðuhús til flánings hreindýra	1.750.000
Hanny Heiler	Dynjandi	A-Skaft.	Reiðskóli og tamningaaðstaða	500.000
Guðlaugur J. Þorsteinsson	Borgarhöfn	A-Skaft.	Ferðabjónusta	1.750.000
Ásrún Guðmundsdóttir	Steig	V-Skaft.	Ferðabjónusta	750.000
Sveinn Sigurjónsson	Galtalækur II	Rang.	Ferðabjónusta	1.750.000
Margrét Eggertsdóttir	Kaldakinn	Rang.	Tamningaaðstaða, reiðkennsla	1.250.000
Eiður E. Kristinsson	Hrófsstaðahellir	Rang.	Ferðabjónusta og tamningaaðstaða	1.750.000
Ísleifur Jónasson	Kálholt	Rang.	Tamningaaðstaða	1.750.000
Ágúst Rúnarsson	Vestra Fíflholt	Rang.	Ræktun, vinnsla og sala á höfrum	300.000
Jón Logi Þorsteinsson	Vestri Garðsauki	Rang.	Ferðabjónusta, gístaðstaða	1.750.000
Björgvin Þór Harðarson	Laxárdalur II	Árn.	Söluvagn	550.000
Karat ehf	Brjónsstaðir	Árn.	Leikjabraut v. ferðabjónustu	875.000
Gísli G. Guðmundsson	Þórisstaðir	Árn.	Trésmíðaverkstæði	1.700.000
Elísabet St. Jóhannsdóttir	Bitra	Árn.	Ferðabjónusta	1.750.000
Gunnar Arnarson	Grænhóll	Árn.	Tamninga- og söluaðstaða	1.750.000
Þórhildur Ólafsdóttir	Hraun II	Árn.	Ferðabjónusta, veitingasala	1.750.000
				41.975.000

5. tafla. Framlög sem Rannsóknamiðstöð Íslands (RÍ) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL) samþykktu til rannsóknna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar á árinu 2004. Upphæðir eru í þúsundum króna. Mótframlag RÍ til síðast talda verkefnisins kom úr Tækniþróunarsjóði en hin úr Rannsóknasjóði.

Nafn ábyrgðarmanns	Stofnun	Verkefni	RÍ	FL
Valgerður Andrésdóttir	Tilraunast. Keldum	Varnir gegn veirusýkingum	1.000	1.000
Kesera A. Jónsson	Líffr. HÍ	Erfðauppruni íslensks birkis	3.500	1.500
Kristín Svavarsdóttir	Landgræðsla Ísl.	Framvinda gróðurs á jökulsöndum	1.300	700
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Rannss. Skógr. rík.	Skógvist - líffræðileg fjölbreytni, framvinda ...	3.000	2.000
Hólmgeir Björnsson	RALA	Bygging og eðliseiginl. móajarðv. - jarðvinnsla	1.300	1.300
Áslaug Helgadóttir	RALA	Belgjurtir - framleiðslukerfi við ræktun fódurs	1.600	2.150
Guðmundur Halldórsson	Rannss. Skógr. rík.	Nytsamar jarðvegsörverur á norðurslóðum	1.000	1.000
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Rannss. Skógr. rík.	Viðarvöxtur og flæði kolefnis í asparskógi ...	1.000	1.000
Einar Mäntylä	ORF Líftækni	Sameindaræktun á byggi	5.000	2.000
Áslaug Helgadóttir	RALA	Ný tækni við kynbætur byggs	3.750	4.750
		Samtals	22.450	17.400

Framleiðnisjóður
landbúnaðarins

Ársreikningur 2004

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda.....	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.

Á árinu 2004 var tekjuafgangur af rekstri Framleiðnisjóðsins 23,0 millj. kr. Eignir samtals eru 202,0 millj. kr. í árslok. Skuldir samtals eru 160,1 millj. kr. og eigið fé 41,9 millj. kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. mars 2005

í stjórn


Bjarni Guðmundsson,
formaður.


Gunnar Sæmundsson.



Sveinn Ingvarsson.


Elín Aradóttir


Kjartan Ólafsson.


Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri.

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.


Guðni Ágústsson,
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda


Til stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Við höfum endurskoðað ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 24. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 1. mars 2005


Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2004

	Skýr	2004	2003
Framlög:			
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi.....	12	185.000.000	190.000.000
Framlag ríkissjóðs vegna loðdýraræktar.....		0	30.000.000
Fóðurtollar.....		50.000.000	50.000.000
Fengin framlög		<u>235.000.000</u>	<u>270.000.000</u>
Veitt framlög:			
Til markaðsverkefna skv. búnaðarlagasamningi.....	12	25.000.000	25.000.000
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf.....	13	15.908.000	13.682.000
Samfjármögnun Rannís.....	14	17.400.000	13.800.000
Þróunarverkefni búgreina.....	15	27.875.000	32.340.000
Önnur rannsóknar- og þróunarverkefni.....	16	43.080.000	40.500.000
Markaðsmál og vöruþróun.....	17	11.840.000	21.675.000
Afurðastöðvar og önnur fyrirtæki í dreifbýli.....	18	14.350.000	17.750.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda.....	19	60.157.000	71.486.000
Fóðurjöfnunargjald v/loðdýrafóðurs.....		0	29.999.286
Fyrnd framlög.....	20	(10.435.500)	(15.071.744)
Veitt framlög		<u>205.174.500</u>	<u>251.160.542</u>
Fengin framlög umfram veitt		29.825.500	18.839.458
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		10.987.757	11.297.525
Vaxtagjöld og verðbætur.....		(1.630)	(12.663)
		<u>10.986.127</u>	<u>11.284.862</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	21	14.006.842	12.885.412
Annar rekstrarkostnaður.....	22	4.836.292	5.593.128
Hlutdeild annarra í rekstrarkostnaði.....	23	(1.000.000)	(960.000)
		17.843.134	17.518.540
Lagt í afskriftasjóð útlána.....	7	0	9.773.547
		<u>17.843.134</u>	<u>27.292.087</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>22.968.493</u>	<u>2.832.233</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir

	Skýr	31.12.2004	31.12.2003
Eignir			
Sjóður og innstæður			
Innstæður í lánastofnunum.....	8	<u>157.633.380</u>	<u>81.655.715</u>
Útlán:			
Útlán.....	6	41.768.060	50.569.409
Afskriftasjóður útlána.....	7	<u>(19.800.000)</u>	<u>(25.000.000)</u>
		<u>21.968.060</u>	<u>25.569.409</u>
Eignarhluti í félögum			
Hlutabréf.....	24	10.000.000	10.000.000
Aðrar eignir			
Áform, viðskiptareikningur.....		6.040.724	0
Skuldabréf.....		6.347.566	7.176.147
Fyrirframgreitt.....		0	5.000.000
Ríkissjóður v/fóðurtolla.....		0	50.000.000
		<u>12.388.290</u>	<u>62.176.147</u>
Eignir alls		<u><u>201.989.730</u></u>	<u><u>179.401.271</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Skuldir og eigið fé

	Skýr	31.12.2004	31.12.2003
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög.....	10	136.863.533	140.638.016
Umsýslufé.....	11	21.748.770	17.438.650
Viðskiptamenn.....		579.392	579.392
Ýmsar skammtímaskuldir.....		871.763	1.787.434
Skuldir		<u>160.063.458</u>	<u>160.443.492</u>
Eigið fé:			
Eigið fé.....	9	41.926.272	18.957.779
Eigið fé		<u>41.926.272</u>	<u>18.957.779</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>201.989.730</u>	<u>179.401.271</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Útlán

2. Útlán eru færð til eignar með áföllum vöxtum í árslok.
3. Afskriftasjóður útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður sjóður til að mæta hugsanlega töpuðum útlánum. Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

4. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnistæður sjóðsins.

5. Eignarhlutir

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir úr efnahagsreikningi

6. Útlán

Útlánnum Framleiðnisjóðs er hér skipt í 4 flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða skuldabréf Fjárhagskönnunarnefndar, í öðru lagi útlán, óverðtryggð með vöxtum, í þriðja lagi óverðtryggð útlán án vaxta og í fjórða lagi verðtryggð lán án vaxta.

	Eftirstöðvar 31.12. 2004	Vextir %
6.1. Skuldabréf Fjárhagskönnunarnefndar.....	2.919.601	5%
6.2. Óverðtryggð með vöxtum		
Preskir ehf.....	400.000	5%
Íslenskur textiliðnaður hf.....	12.000.000	5%
Glæðir ehf.....	10.500.000	5%
	<u>22.900.000</u>	

Skýringar

6.3. Óverðtryggð án vaxta

Gránumóar hf.....	300.000
Seljalax hf.....	8.000.000
Loðdýrabændur.....	1.200.000
Samband ísl. loðdýrabænda.....	300.000
	<u>9.800.000</u>

6.4. Verðtryggð án vaxta

ORF líftækni ehf.....	<u>6.148.459</u>
Útlán.....	41.768.060
Afskriftasjóður útlána.....	(19.800.000)
Útlán alls	<u>21.968.060</u>

7. Afskriftasjóður

Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánunum í efnahagsreikningi.

Staða 1/1.....	25.000.000
Afskrifað á árinu	(5.200.000)
Lagt í afskriftasjóð á árinu.....	0
	<u>19.800.000</u>

8. Innistæður í lánastofnunum

	2004	2003
KB banki.....	157.633.380	81.655.715
	<u>157.633.380</u>	<u>81.655.715</u>

Eigið fé

9. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

Bókfært eigið fé í ársbyrjun.....	18.957.779
Hagnaður ársins.....	22.968.493
Eigið fé í árslok	<u>41.926.272</u>

Skýringar

10. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2004 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2001.....	18.575.000
Framlög samþykkt á árinu 2002.....	23.775.000
Framlög samþykkt á árinu 2003.....	25.652.516
Framlög samþykkt á árinu 2004.....	68.861.017
Samtals	<u>136.863.533</u>

11. Umsýslufé

Framleiðisjóður hefur tekið að sér fjármálaumsýslu tveggja verkefna. Eftirfarandi fjárhæðum var óráðstafað vegna þeirra í árslok 2003.

Aðlögunarsamningur Garðyrkjunnar	16.667.657
Átaksverkefni nautgriparéktunarinnar.....	5.081.113
Samtals	<u>21.748.770</u>

12. Áform markaðsverkefni

Innifalið í framlagi til Framleiðisjóðs landbúnaðarins er 25 millj. kr. framlag til markaðsverkefnis skv. 12. gr. búnaðarlagasamnings (Áform).

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

13. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

	2004	2003
Bændánámskeið.....	9.000.000	6.000.000
Styrkir til framhaldsnáms.....	1.500.000	2.000.000
Endurmenntun fagfólks.....	1.500.000	500.000
Starfsmenntunarstyrkir.....	600.000	1.150.000
Frumkvöðlafræðsla.....	458.000	1.500.000
Kynnisferðir starfsfólks.....	1.600.000	0
Ýmis fræðsla og ráðgjöf.....	1.250.000	2.532.000
	<u>15.908.000</u>	<u>13.682.000</u>

Skýringar

	2004	2003
14. Saumfjármögnun Rannís		
Samfjármögnun Rannís.....	17.400.000	13.800.000
	<u>17.400.000</u>	<u>13.800.000</u>
15. Þróunarverkefni búgreina		
Nautgriparækt.....	6.615.000	14.300.000
Sauðfjárrækt.....	5.130.000	4.010.000
Svínarækt.....	10.500.000	10.500.000
Kjúklingarækt.....	0	250.000
Hrossarækt.....	500.000	0
Garðyrkja/garðrækt.....	3.730.000	1.880.000
Loðdýrarækt.....	1.400.000	1.400.000
	<u>27.875.000</u>	<u>32.340.000</u>
16. Önnur rannsóknar- og þróunarverkefni		
Erfða- og líffræðirannsóknir.....	10.750.000	2.000.000
Jarðvegs- og gróðurrannsóknir.....	11.330.000	9.050.000
Beitar- og fôðurrannsóknir.....	2.500.000	1.000.000
Bútæknirannsóknir.....	0	4.150.000
Matvælarannsóknir.....	1.275.000	0
Umhverfisrannsóknir.....	3.500.000	3.600.000
Fiskirækt og hlunnindanýting.....	2.000.000	3.000.000
Ferðaþjónusta, þróunarverkefni.....	0	600.000
Hrossarækt, önnur verkefni.....	0	2.500.000
Loðdýrarækt, önnur verkefni.....	2.400.000	3.400.000
Ráðgjafar- og gæðastjórnunarverkefni.....	2.950.000	4.000.000
Ýmis rannsóknar- og þróunarverkefni.....	6.375.000	7.200.000
	<u>43.080.000</u>	<u>40.500.000</u>
17. Markaðs- og vörupróun		
BÍ upplýsinga- og kynningarmál.....	3.490.000	4.050.000
Verkefni á vegum Áforms.....	1.000.000	1.000.000
Kynning á íslenska hestinum.....	0	2.250.000
Markaðsþróun fyrir hrossakjöt.....	0	1.500.000
Vegna ferðaþjónustu.....	2.650.000	0
Vegna mjólkurafurða.....	0	1.000.000
Vegna sauðfjárafurða.....	1.300.000	6.000.000
Vegna garðávaxta.....	0	475.000
Vegna fiskeldisafurða.....	0	2.000.000
Handverk og hönnun.....	3.400.000	3.400.000
	<u>11.840.000</u>	<u>21.675.000</u>

Skýringar

18. Afurðastöðvar og önnur fyrirtæki í dreifbýli	2004	2003
Vegna iðnfyrirtækja.....	1.500.000	1.750.000
Vegna ferðaðþjónustu.....	2.000.000	1.000.000
Vegna afurðastöðva.....	10.850.000	10.000.000
Vegna annarra fyrirtækja.....	0	5.000.000
	<u>14.350.000</u>	<u>17.750.000</u>

19. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Loðdýrarækt.....	2.450.000	500.000
Fiskeldi.....	0	1.250.000
Ferðaðþjónusta.....	26.925.000	35.036.000
Iðnaðarþjónusta.....	6.100.000	3.980.000
Tamningaaðstaða.....	9.250.000	8.150.000
Smávirðjanir og hitaveitur.....	400.000	8.800.000
Önnur verkefni stofnfrl.....	2.150.000	4.800.000
Bændaskógaverkefni.....	2.500.000	3.970.000
Handverksaðstaða.....	1.500.000	0
Hlunnindaverkefni.....	3.882.000	0
Smáverkefnasjóður.....	5.000.000	5.000.000
	<u>60.157.000</u>	<u>71.486.000</u>

20. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árinu 2000 en hafa ekki verið nýtt. Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins, sem giltu til og með árinu 2002 fyrnast loforð um framlög á fjórum árum. Í byrjun árs 2003 var verklagsreglunni breytt og fyrnast nú loforð um framlög á tveimur árum.

21. Laun og launatengd gjöld

Á árinu 2004 var gerð sú breyting að stjórnarlaun eru nú greidd samkvæmt ákvörðun þóknunarnefndar.

Stjórnarlaun.....	4.275.720	3.510.000
Laun.....	7.801.836	7.516.623
Launatengd gjöld.....	1.929.286	1.858.789
	<u>14.006.842</u>	<u>12.885.412</u>

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 8,9 millj. kr. á árinu 2004.

Skýringar

22. Annar rekstrarkostnaður:	2004	2003
Ferðakostnaður.....	307.145	295.659
Akstur.....	1.247.307	977.619
Síma- og póstkostnaður.....	453.429	455.840
Endurskoðun og gerð ársreiknings.....	581.000	609.000
Prentun, pappír og tölvukostnaður.....	361.907	562.980
Fundakostnaður og auglýsingar.....	686.101	605.021
Húsnæðiskostnaður.....	845.650	619.444
Gjaldf. kostn. v/flutnings.....	0	698.815
Gjaldf. kostn. v/tölvubúnaðar.....	248.701	624.010
Ýmis kostnaður.....	105.052	144.740
	<u>4.836.292</u>	<u>5.593.128</u>

23. Hlutdeild í rekstrarkostnaði

Umsýsla vegna Áforms markaðsverkefnis.....	750.000
Umsýsla vegna garðyrkjunnar.....	100.000
Umsýslugjald vegna nautgriparæktarinnar.....	150.000
	<u>1.000.000</u>

24. Hlutabréf

Á árinu 2003 keypti sjóðurinn hlutabréf í ORF líftækni ehf. Kaupverð var 10 millj. kr. Nafnverð hlutarins er 1 millj. kr. Eignarhluti Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er 1,78%.

Garðávaxtasjóður

Ársreikningur 2004

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda.....	3
Áritun endurskoðenda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Skýringar.....	7

Staðfesting ársreiknings

Sjóður samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1985 hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði. Sjóðurinn er í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast daglegan rekstur sjóðsins.

Á árinu var tekjuafgangur af rekstri Garðávaxtasjóðs er nam 1,6 millj. kr. Eignir samtals námu 51,5 millj. kr. í árslok. Skuldir eru engar og eigið fé 51,5 millj. kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning Garðávaxtasjóðs fyrir árið 2004 með undiritun sinni.

Reykjavík, 1. mars 2005.

Í stjórn


Bjarni Guðmundsson,
formaður.


Gunnar Sæmundsson.



Sveinn Ingvarsson


Elín Aradóttir.


Kjartan Ólafsson.


Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri

Með skirskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.


Guðni Ágústsson,
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Garðávaxtasjóðs

Við höfum endurskoðað ársreikning Garðávaxtasjóðs samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1985 fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1 - 3. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2004 og efnahag 31. desember 2004, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 1. mars 2005.



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2004

	Skýr	2004	2003
Rekstrartekjur:			
Framlög úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.....		780.000	0
Vaxtatekjur og verðbætur.....		4.057.521	3.778.542
Rekstrartekjur		<u>4.837.521</u>	<u>3.778.542</u>
Rekstrargjöld:			
Veitt framlög.....	3	<u>3.280.000</u>	<u>2.500.000</u>
Rekstrargjöld		<u>3.280.000</u>	<u>2.500.000</u>
Tekjuafgangur		<u>1.557.521</u>	<u>1.278.542</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir

	Skýr	31.12.2004	31.12.2003
Bankareikningur.....		51.521.274	49.963.753
		<u>51.521.274</u>	<u>49.963.753</u>

Eigið fé

Eigið fé 1.1.2004.....		49.963.753	48.685.211
Tekjuafgangur ársins.....		1.557.521	1.278.542
		<u>51.521.274</u>	<u>49.963.753</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Gardávaxtasjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Handbært fé

2. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnistæður.

Sundurliðun

2. Veitt framlög sundurliðast þannig:

	2004	2003
Stofnrækt kartaflna.....	3.280.000	2.500.000
	<u>3.280.000</u>	<u>2.500.000</u>